



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

Reykjavík, 15. maí 2025

SFS25050073

MINNISBLAÐ

Skóladagatal grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2026 – 2027

Skóladagatal grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2026 – 2027. Í janúar 2016 voru í fyrsta sinn lögð fram og samþykkt í skóla- og frístundaráði skóladagatöl grunnskóla Reykjavíkur fyrir tvö næstu skólaár, 2016 – 2017 og 2017 - 2018. Var það m.a. gert vegna óska sem fram höfðu komið frá foreldrum um að þeir fái upplýsingar um skólastarf lengra en eitt ár fram í tímann. Rök þeirra voru einkum á þá leið að slíkt tíðkist í þeim nágrannalöndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Reynslan hefur einnig leitt í ljós að fjölmargir aðilar í samfélaginu taka mið af skóladagatali grunnskóla borgarinnar þegar þeir skipuleggja sitt starf. Því er nú lagt fram skóladagatal fyrir grunnskóla Reykjavíkur fyrir skólaárið 2026 – 2027 til að fylgja því eftir að skóladagatöl fyrir tvö næstu skólaár liggi fyrir.

1. Skólasetning

Gert er ráð fyrir að skólasetning verði í öllum grunnskólum Reykjavíkur föstudaginn 24. ágúst 2026.

2. Vetrarfrí á haustönn

Grunnskólar borgarinnar taki vetrarfrí á haustönn eftirtalda daga:

Fimmtudaginn 22. október 2026

Föstudaginn 23. október 2026

Mánudaginn 26. október 2026

3. Vetrarfrí á vorönn

Grunnskólar borgarinnar taki vetrarfrí á vorönn eftirtalda daga:

Mánudaginn 22. febrúar 2027

Þriðjudaginn 23. febrúar 2027

4. Umhverfis dagar

Lagt er til að umhverfis dagar verði miðvikudaginn 16. september 2026 (dagur íslenskrar náttúru er 16. september ár hvert) og föstudaginn 23. apríl 2027 (dagur umhverfisins er 25. apríl ár hvert).

5. Skólaslit

Skólaslit í öllum grunnskólum borgarinnar verði fimmtudaginn 10. júní 2027.



Reykjavík



Áhersla er lögð á að leik- og grunnskólar samræmi a.m.k þrjá starfs- og skipulagsdaga í sínu hverfi. Skólaárið 2026 – 2027 verður haldið menntastefnumót þann 27. apríl 2027, sem telst sem einn af þremur sameiginlegum starfs- og skipulagsdögum.

Kallað verður eftir skóladagatölum með skilafresti eigi síðar en 31. mars 2026



Reykjavík